




Byggingar Vélsmiðjunnar Héðins h.f. við Seljaveg.

# Vélsmiðjan Héðinn hf. 50 ára í dag

Vélsmiðjan Héðinn h.f. er 50 ára í dag, en hún var stofnsett hinn 1. nóvember 1922 af Bjarna Þorsteinssyni, vélfræðingi og Markúsi Ívars syni, vélstjóra. Markús og Bjarni keyptu smiðju Bjarnhéðins Jónssonar, járnsmiðs, sem hann hafði starfrækt í Aðalstræti 6B og var kaupverðið 60 þúsund krónur, en starfsemi smiðjunnar hafði þá legið niðri í 2 ár eða frá andláti Bjarnhéðins. Á Aðalstræti hafði verið járnsmiðja allt frá 1895, er Sigurður Jónsson frá Hlíðnesi á Álftanesi hafði hafið þar járnsmiðjurekstur. Bjarnhéðinn var nemandi hans og keypti smiðjuna um aldamótin. Í virðingarskyni við minningu Bjarnhéðins var smiðju þeirra Bjarna og Markúsar gefið nafnið Héðinn. Stofnun

fyrirtækisins stendur því á gömlum merg, í fyrsta iðnaðarhverfi borgarinnar, þar sem Skúli landfógeti hafði staðsett Innréttingar sínar 170 árum áður.



Sveinn Guðmundsson, forstjóri með sveinsstykki sitt hring skera.



Frá sögusýningunni um Vélsmiðjuna Héðin h.f.

Smiðja Bjarnhéðins mun hafa verið mjög fábrotin. Hún var í 60 fermetra húsnæði og var vélakosturinn lítill, tveir rennibekkir, knúnir oliuhreyflum, handsnúin bor vél og fótstigin smergelskífa. Starfsmenn Héðins voru fjórir að tölu, er smiðjan hóf starfsemi sína, en tveimur mánuðum síðar voru þeir orðnir sjö. Vélum og áhöldum fjölgaði jafnt og þétt og 1926 var keypt fyrsta rafsuðutækni, sem Íslendingar eignuðust. Það var í eigu Héðins.

Ekki var að undra, þótt vel gengi, því að dugnaður og áreiði stofnendanna var mikið og gott samstarf þótti einkennandi fyrir þá félagi. Þeir höfðu átt sér hugsjón, sem var að stofnsetja hér fullkomna vélsmiðju, sem bæði gæti annast vélavíðgerðir og smiðað ýmiss konar áhöld og vélar. Í Reykjavík voru starfræktar nokkrar minni smiðjur fyrir fyrri heimsstyrjöldina, en áhaldaeign þeirra var mjög bágborin, enda var þá nær eingöngu um eldsmiði að ræða. Með komu togara í eigu Íslendinga færðust víðgerðir þeirra meira og meira yfir á íslenskar hendur og er Rafmagnsveita Reykjavíkur tók til starfa 1921, urðu brátt straumhvörf í öllum iðnrekstri í bænum, oliuhreyflarnir viku fyrir rafhreyflum.

Fyrstu ár Héðins var meginverkefni smiðjunnar véla- og skipavíðgerðir, aðallega á botnvörpungum, sem áður er getið. Erfiðleikar voru þó á slíkum víðgerðum, þar sem engin dráttarbraut var þá til í landinu til þess að taka skipin á þurr, en á árunum 1932 til '33 lét Slippfélagið í Reykjavík h.f. gera tvær dráttarbrautir og var þá fyrst unnt að taka á land til víðgerðar botnvörpunga og minnstu millilandaskip. Árið 1932 til '33 lét Slippfélagið í ar Stálsmiðjuna h.f. Járnstepuna h.f. stofnuðu sömu fyrirtæki síðar eða árið 1941. Öx svo starfsemi Héðins ár frá ári, þótt starfsemin hafi oft verið erfiðleikum bundin á árunum fyrir heimsstyrjöldina síðari. 1932 gerðist fyrirtækið brautryðjandi hér með smíði fullkominna lifrar vinnslutækja og á árunum 1936-'37 byggði Héðinn fjórar sildar- og fiskmjölsverksmiðjur.

Heimsstyrjöldin 1939 til '45 olli mikilli breytingu í sögu Héðins, því að þá fluttust allar véla- og skipavíðgerðir inn í landið og tekin var upp margháttuð nýsmiði á tækjum og vélum er áður voru flutt inn erlendis frá. Fullkomnar flokkunarvíðgerðir skipa voru og framkvæmdar, í samvinnu við Stálsmiðjuna og smiðaðar voru vélar í sildar- og fiskmjölsverksmiðjur og hraðfrystihús landsmanna. Á sama tíma stórfjölgaði starfsfólki fyrirtækisins. Sifelltu xuxu kröfur þær, sem gerðar voru til járníðnaðarinnar, og vegna síaukinnar verkefna Héðins margfaldaðist starfsemi fyrirtækisins. Dreifðist hún víða um bæinn, vegna þrengsla í heimkynnum smiðjunnar við Aðalstræti. Var því vorið 1941 hafizt handa um að reisa núverandi húskynni Héðins við Seljaveg og brátt fluttist starfsemin úr Aðalstræti. Gólfplötur smiðjunnar var orðinn 489 fermetrar, er smiðjan fluttist þaðan. Hefur uppbygging húsa fyrirtækisins síðan farið fram í áföngum og nú er gólfplötur þess orðinn 13.000 fermetrar og hefur því meira en 200 faldast. Byggingunum er skipt í deildir eftir hinum margvíslegustu verkefnum, sem unnin eru.

En stórhýsið við Seljaveg gerðist þröngt og árið 1966 var stofnsett útibú frá Héðni í Garðahreppi, sérstakt félag Garða-Héðinn hf. og eru helstu verkefni þess framleiðsla stálgrindahúsa, svo og sandblástur og grunnun smiðaefnis í þar til gerðri vélasamstæðu, sandhverfum er keypt var til landsins 1971 og er eina vélin sinnar tegundar á Íslandi.

Fyrsta disilvélin var smiðuð í Héðni. Var hún sýnd á Iðnsýningunni 1952, en það ár varð fyrirtækið 30 ára. Þá tvo áratugi, sem síðan eru liðnir hefur fyrirtækið eflzt og dafnað. Árið 1953 kom það á markaðinn með stóra og mikla ísvél og 1954 var tekið í notkun fyrsta soðkarnatækið, er smiðað var í Héðni fyrir sildarverksmiðjuna á Kletti í Reykjavík og síðan hafa fleiri verksmiðjur fengið slík tæki, sem auka mjöflframleiðsluna um 20%. Viðtækar tilraunir voru gerðar með litlum reynslutækjum áður en framleiðslan hófst og fékkst þar hagnýt reynsla. Einnig lagði Héðinn í nokkurra ára tilraunir áður en framleiðsla ísvéla hófst, en þær komu fyrst á markaðinn 1956 og hafa þær m.a. verið sendar til Noregs. Síðasta nýjungin á framleiðslusviðinu fyrir frystiðnaðinn er smiði hraðfrystitækja með áplötum. Héðinn hefur séð um byggingu nær allra sildarverksmiðja á Austurlandi og Suðvesturlandi.

Fyrstu árin veittu stofnendur undurnir fyrirtækinu forstöðu. Bjarni andaðist 1938, en Markús 1943. Árið 1942 tók Sveinn Guðmundsson, vélfræðingur við framkvæmdastjórn og hefur veitt fyrirtækinu forstöðu síðan. Stjórn Héðins h.f. er eingöngu skipuð konum og hefur svo verið um margra ára skeið. Stjórn er þannig skipuð: Guðrún Markúsdóttir, formaður og meðstjórnendur eru Sigrún M. Möller og Kristín Sveinsdóttir.

Héðinn hefur alls þau 50 ár, sem fyrirtækið hefur starf að haft 554 nema. Að jafnaði starfa við fyrirtækið um 200 manns og hafa 72 starfsmannanna starfað í 10 ár eða lengur. Elzti starfsmaðurinn á 48 ár að baki og þessi ár hefur fyrirtækið greitt laun að upphæð 626 milljónir króna. Meðal starfsfólksins er starfandi starfsmannafélag og er félagslíf með miklum blóma. Á þess vegum er eini karlakór iðnaðarmanna í Reykjavík, en markmið félagsins er að auka kynni meðal starfsfólksins, halda uppi fræðslustarfsemi, íþróttaiðkunum og skemmtanalífi.

Í tilefni 50 ára afmælis fyrirtækisins hefur verið komið upp sýningu, sem gefa á yfirsýn yfir liðin ár í sögu þess. Eru þar ýmislegar minjar um þá menn, sem skópu fyrirtækið. Margt listaverk er á sýningunni, bæði listaverk gerð af starfsmönnum Héðins og öðrum. Á sýningunni er einnig horft til framtíðarinnar og þar eru teikningar af næsta stórverkefni fyrirtækisins, mikilli ísvél, sem framleiða á 35 tonn af skelís á sólarhring, en hingað til hefur Héðinn smiðað ísvélar, sem geta framleitt á sólarhring 18 tonn af skelís. Gert er ráð fyrir að fyrsta vélin kosti um 5 milljónir króna, en söluverð hennar verður kannski hálf önnur milljón. Þannig er fyrsta smiðin dýrust — starf brautryðjandans kostar peninga, en framþróunin krefst sinna fórna og töluvert þarf til að halda forystuhlutverki í iðnaði sem öðru.